

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 295/2015

2017/EES/64/01

frá 11. desember 2015

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/819 frá 22. maí 2015 um breytingu á viðauka F við tilskipun ráðsins 64/432/EBE að því er varðar snið fyrirmynda að heilbrigðisvottorðum fyrir viðskipti innan Sambandsins með nautgripi og svín <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verzlun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun ráðsins 64/432/EBE) í hluta 4.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„- **32015 D 0819:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/819 frá 22. maí 2015 (Stjútíð. ESB L 129, 27.5.2015, bls. 28).“

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/819, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 129, 27.5.2015, bls. 28.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.